



Úrræði vegna faraldurs

2. skýrsla starfshóps:

Aðgerðir vegna

atvinnuástands, fólks í

viðkvæmri stöðu og

gagnvart sveitarfélögum

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
1.1 Áframhaldandi greining á aðgerðum stjórnvalda vegna faraldursins	4
1.2 Markmið aðgerða markast af væntingum um tímabundin áhrif faraldursins	4
1.3 Umfang mótvægisáðgerða 103 ma.kr. árið 2020.....	5
2. Aðgerðir vegna atvinnuástands.....	7
2.1 Tímabundin lenging tekjutengdra atvinnuleysisbóta og auknar greiðslur	8
2.2 Sértek námsúrræði í framhalds- og háskólum sumar og haust 2020.....	8
2.3 Sumarstörf fyrir námsmenn hjá ríki og sveitarfélögum.....	9
2.4 Fjölgun listamannalauna.....	10
2.5 Fjárfestingaráttak.....	10
2.6 Framlög til vísindarannsókna og nýsköpunar.....	11
2.7 Stuðningur vegna tekjufalls íþróttafélaga og æskulýðsfélaga.....	12
2.8 Flýting framkvæmda opinberra fyrirtækja.....	13
3. Aðgerðir vegna einstaklinga í viðkvæmri stöðu.....	14
3.1 Stuðningur við börn og ungmenni.....	15
3.2 Geðrækt og andlegt heilbrigði.....	15
3.3 Eingreiðsla til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega	16
3.4 Aðgerðarteymi um samræmingu aðgerða gegn ofbeldi.....	16
3.5 Fatlað fólk/börn og fjölskyldur þeirra.....	17
3.6 Fjárstyrkir til félagsamtaka	18
3.7 Þjónusta og stuðningur við heimilislausa	18
3.8 Aldraðir – félagsstarf fullorðinna.....	19
3.9 Innflytjendur og flóttafólk.....	19
4. Stuðningur við sveitarfélög og byggðalög.....	20

4.1 Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.....	20
4.2 Málefni fatlaðs fólks.....	21
4.3 Sveitarfélög sem standa höllum fæti.....	21
4.4 Stefnumörkun um sjálfbærni sveitarfélaga.....	21
4.5 Styrkur til sveitarfélaga sem hafa komið illa út úr COVID kreppunni.....	21
4.6 Suðurnes. Efling þjónustu ríkisins.....	22
4.7 Efling starfrænnar tækni og þjónustu.....	22
4.8 Stuðningur við félagsleg úrræði.....	22
4.9 Sóknaráætlanir landshluta.....	22
4.10 Stuðningur við frumkvæðisverkefni íbúa.....	22
4.11 Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs.....	22

1. Inngangur

Áhrifa faraldursins gætir með ójöfnum hætti í samfélaginu, hvort sem litið er til heilsufarslegra, félagslegra eða efnahagslegra þátta. Efnahagslegu áhrifanna gætir ekki síst meðal þeirra sem orðið hafa atvinnulausir, en ólíkt mörgum fyrri kreppum hefur kaupmáttur ekki dregist saman hjá stórum hluta þjóðarinnar. Að sama skapi hafa skuldir heimila ekki aukist umfram það sem leiðir af auknum umsvifum á íbúðamarkaði eftir vaxtalækkanir. Samfélagslegra áhrifa faraldursins gætir ekki síst meðal einstaklinga í viðkvæmri stöðu, enda er hætt við einangrun þeirra, og sérstaklega meðal þeirra sem misst hafa vinnuna og eiga í hættu að missa tengsl við vinnumarkaðinn.

1.1 Áframhaldandi greining á aðgerðum stjórnvalda vegna faraldursins

Í þessari annarri skýrslu starfshóps ráðuneyta um eftirfylgni efnahagsaðgerða vegna heimsfaraldurs COVID-19 er í fyrsta lagi fjallað um aðgerðir vegna atvinnuástandsins sem ekki var fjallað um í skýrslu starfshópsins frá því í nóvember.¹ Í öðru lagi um aðgerðir vegna einstaklinga í viðkvæmri stöðu og í þriðja lagi um stuðning ríkissjóðs við sveitarfélög. Varðandi fyrsta þáttinn er litið sérstaklega til fjárfestingarátaks ríkissjóðs og fyrirtækja í ríkiseigu. Þau úrræði sem fjallað er um hér og í fyrri skýrslu hafa þegar komið til framkvæmda og fjárheimildir samþykktar í einu af fimm fjárukalögum ársins en þau hafa öll fyrst og fremst beinst að viðbrögðum við faraldrinum. Til viðbótar þessum úrræðum hefur Alþingi samþykkt tekjufalls- og viðspyrnustyrki. Fjallað verður um nýtingu þeirra þegar gögn liggja fyrir. Enn frekari aðgerðir hafa verið samþykktar í fjárlögum ársins 2021 en ekki verður fjallað um þær aðgerðir hér.

1.2 Markmið aðgerða markast af væntingum um tímabundin áhrif faraldursins

Aðgerðum stjórnvalda er ætlað að draga úr neikvæðum félagslegum, heilsufarslegum og efnahagslegum áhrifum faraldursins. Þessi áhrif leggjast hvað þyngst á þau sem verða atvinnulaus eða voru í viðkvæmri stöðu fyrir, hvort sem er vegna efnahags- eða félagslegrar stöðu. Við mótun viðbragðsaðgerða var litið til fjölda rannsókna sem bent hafa til langvarandi áhrifa fjármálahrunsins á viðkvæma hópa. Aðgerðum vegna atvinnumála er einnig ætlað að draga úr langtímaatvinnuleysi en slíkt getur valdið rofi á hæfni og færni einstaklinga og haft neikvæð áhrif til lengri tíma fyrir þá og samfélagið allt. Að sama skapi hefur verið lögð áhersla á að tryggja þeim sem hafa misst vinnuna framfærslu enda er framboð nýrra starfa enn takmarkað. Við mótun aðgerðanna hefur einnig verið


¹ <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Sk%3%bdrsla%20um%20n%3%bdtingu%20c3%barr%3%a6%c3%b0a%20fyrir%20vef.pdf>

horft til þess að styðja við langtímahagvöxt og þar með velsæld þegar faraldurinn sleppir. Ráðast þessi viðbrögð ekki síst af væntingum um að faraldurinn sé tímabundinn en neikvæð áhrif hans geta orðið langvinn ef ekki er brugðist við. Ríkissjóður hefur einnig veitt sveitarfélögum sérstakan stuðning vegna faraldursins. Er þeim aðgerðum ætlað að koma til móts við sveitarfélög sem hafa orðið fyrir sérstaklega miklum áhrifum vegna efnahagsþróunarinnar og til að styðja við mikilvæga nærþjónustu sveitarfélaganna sem faraldurinn og áhrif hans auka eftirspurn eftir. Kynjaáhrif faraldursins eru einnig mikil og hefur verið sérstaklega horft til þeirra við mótun aðgerða. Fjallað er nánar um markmið aðgerða stjórnvalda í skýrslu starfshópsins frá því í nóvember.

1.3 Umfang mótvægisáðgerða 103 ma.kr. árið 2020

Umfang beinna mótvægisáðgerða í ríkisfjármálum vegna COVID-19 eru samtals ríflega 200 ma.kr á árunum 2020 og 2021 sem samsvarar 7% af VLF ársins 2019. Beinir áðgerðir opinberra fjármála virðast því verða meiri en á öðrum Norðurlöndum þó þær séu minni í ríkjum þar sem sjálfvirk viðbragð opinberra fjármála, svokallaðir sjálfvirkir sveiflujafnarar, er ekki jafnstærkt.

Beinir áðgerðir í ríkisfjármálum v/ COVID-19 umfangsmeiri á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum



Heimild: 1 Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Efnahagsleg áhrif þeirra koma ekki aðeins fram þegar fjármununum er varið til ákveðinna verkefna heldur benda rannsóknir til þess að áhrifanna gæti a.m.k. að hluta frá tilkynningu um þær. Þessu til viðbótar eru ýmsar áðgerðir sem hafa ekki bein áhrif á rekstrarafkomu ríkissjóðs þótt efnahagssumfang þeirra geti verið umtalsvert. Þar má helst nefna ríkistryggð lán, greiðslufrestir á skattgreiðslum og greiðsluskjól fyrir fyrirtæki í allt að eitt ár.

Beinn kostnaður ríkissjóðs vegna sérstakra mótvægisáðgerða á árinu 2020 hefur nýlega verið endurmetinn samhliða endurmati á afkomuhorfum ársins í tengslum við fjárukalagafrumvarp fimm sem lagt var fram á Alþingi þann 25. nóvember sl. Þar er umfang mótvægisráðstafana áætlað 103 ma.kr. árið 2020 eða um 3,6% af VLF. Hér er eingöngu átt við sértækar og yfirleitt tímabundnar áðgerðir en að auki er um að ræða áðgerðir sem hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs. Auk sérstakra mótvægisáðgerða hafa sjálfvirkir sveiflujafnarar ríkisfjármálanna

afgerandi áhrif á afkomu ríkissjóðs en þar er einkum um að ræða lægri innheimtu tekjuskatta og tryggingagjalds auk hækkunar útgjalda vegna atvinnuleysis. Áhrifin af sjálfvirku sveiflujöfnunum fela í sér afkomulækkun sem nemur um 117 ma.kr. á árinu 2020. Þessu til viðbótar hefur kostnaðaruki vegna COVID-19 árið 2020 verið 10,6 ma.kr. sem stjórnvöld hafa ákveðið að fjármagna að fullu, m.a. til heilbrigðismála og almannavarna. Einnig hefur ríkissjóður sett inn 4,2 ma.kr. hlutafjárukningu á árinu til að styðja við fjárfestingaráttak ríkisfyrirtækja. Fjallað er nánar um þessa þætti í fimmta fjárukalagafrumvarpi ársins 2020 og fjárlagafrumvarpi ársins 2021.

2. Aðgerðir vegna atvinnuástands

Alls voru tæplega 21 þúsund manns atvinnulausir í lok nóvember auk 5.500 á hlutabótum. Almenn atvinnuleysi var því 10,6% og heildaratvinnuleysið 12%. Atvinnulausum hefur fjölgað mikið frá því í febrúar þegar þeir voru um 9 þúsund. Atvinnuleysi er mest á Suðurnesjum þar sem fjórði hver einstaklingur á vinnumarkaði er án vinnu. Á landsvísu er atvinnuleysi örlítið hærra meðal kvenna (12,2%) en karla (11,7%), en Suðurnesin greina sig hér frá öðrum landshlutum með mun hærra atvinnuleysi meðal kvenna en karla. Atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara er 24%.

Aðgerða vegna atvinnuástandsins má í meginráttum skipta í þrennt:

- i) Beinar aðgerðir til að viðhalda störfum, ráðningarsambandi og viðnámsþrótti starfandi fyrirtækja. Fjallað var um slík úrræði sem þá höfðu verið nýtt í skýrslu starfshópsins sem birt var í nóvember 2020.
- ii) Bein útgjöld vegna þeirra sem eru atvinnulausir að hluta eða heild. Þar má nefna aukin framlög til Vinnumálastofnunar, lengingu tímabils tekjutengdra atvinnuleysisbóta og sumarstörf námsmanna. Kemur þetta til viðbótar við mikla aukningu í greiðslum vegna atvinnuleysisbóta.
- iii) Atvinnuskapandi aðgerðir stjórnvalda, m.a. undir fjárfestingarátaki ríkissjóðs, aukning eigin fjár ríkisfyrirtækja og aukin útgjöld til rannsóknarsjóða.

Hæstu einstaka fjárhæðirnar sem greiddar hafa verið vegna áhrifa faraldursins hafa verið vegna aukins atvinnuleysis, en þann 1. desember sl. höfðu alls verið greiddir 47,5 ma.kr. vegna almenns atvinnuleysis og 22,3 ma.kr. vegna hlutabóta. Alls er gert ráð fyrir að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs nemi ríflega 80 ma.kr. á árinu 2020 en það er hátt í 55 ma.kr. meira en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Ýmis önnur úrræði hafa verið innleidd frá því að faraldurinn braust út, má þar nefna átaksverkefni og starfsþjálfun fyrir fólk í atvinnuleit og námsmenn en einnig hefur þjónusta og ráðgjöf Vinnumálastofnunar við atvinnuleitendur verið efl.

Þá hafa stjórnvöld jafnframt lagt áherslu á aukin námsúrræði fyrir atvinnuleitendur, bæði hvað varðar sumarnám og aðgengi nemenda að framhalds- og háskólum auk þess sem atvinnulausir geta fengið greiddar áfram bætur fyrstu önn í námi að uppfylltum skilyrðum á vorönn 2021. Aukin fjárframlög til menntamála má einnig skoða í ljósi áherslu stjórnvalda allt frá fyrstu fjárukalögum ársins um að styðja við framleiðni og framleiðslugetu hagkerfisins þegar faraldurinn sleppir á sama tíma og unnið er gegn efnahagssamdrættinum til skemmri tíma. Aukin fjárframlög til samkeppnissjóða, nýsköpunar og þróunar, stafvæðingar hins opinbera og samgönguumbóta má skoða í sama ljósi.

Beinar greiðslur ríkissjóðs vegna atvinnuástands	Áætluð heildarútgjöld 2020 (m.kr.)
Almennt atvinnuleysi	56.000
Hlutabætur	24.000
Lenging tekjutengdra tímabils atvinnuleysisbóta	2.100
Námsúrræði í framhalds- og háskólum	1.850
Sumarstörf fyrir námsmenn hjá ríki og sveitarfélögum	1.400
Desemberuppbót atvinnuleitenda	1.350
Stuðningur v. tekjufalls íþróttá- og æskulýðsfélaga	350
Aukafjárveiting til reksturs VMST	340
Fjölgun listamannalauna	250
Hækkun greiðslna vegna framfærsluskyldu barna	200
Alls	87.840

2.1 Tímabundin lenging tekjutengdra atvinnuleysisbóta og auknar greiðslur

Auk hinnar umfangsmiklu hlutabótaleiðar sem fjallað var um í fyrri skýrslu starfshópsins hefur tímabil tekjutengdra atvinnuleysisbóta verið lengt úr allt að þremur mánuðum í allt að sex mánuði. Úrræðið nær til þeirra sem ekki höfðu fullnýtt bótarétt sinn fyrir 1. júní 2020 en gert er ráð fyrir að um 9.000 einstaklingar ljúki tekjutengdu bótatímabili sínu á árinu. Kostnaður vegna þessa er metinn á 2,1 ma.kr. árið 2020. Þá var eins og áður greidd desemberuppbót til atvinnulausra bæði þeirra sem eru í almenna kerfinu og þeirra sem hafa nýtt sér hlutabótaleiðina. Kostnaður vegna þess er metinn á 1,2 ma.kr. fyrir almenna kerfið og 150 m.kr. fyrir einstaklinga á hlutabótum.

Greiðslur vegna framfærsluskyldu barna atvinnuleitenda voru hækkaðar tímabundið úr 4% í 6% af grunnbótum þann 1. júní sl. en í nóvember voru um 12 þúsund börn á framfærslu atvinnuleitenda. Með breytingunni jókst greiðsla með framfærslu hvers barns úr rúmlega 12 þús.kr. í um 17 þús.kr. Áætlaður kostnaður vegna þessa á árinu 2020 nam 200 m.kr. Tekin hefur verið ákvörðun um framlengingu úrræðisins út árið 2021. Því til viðbótar munu atvinnuleysisbætur hækka í ársbyrjun 2021 um 6,1% þegar greitt verður 2,5% viðbótarálag á grunnbætur atvinnuleysistrygginga. Álagið kemur til viðbótar þeirri 3,6% hækkun sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga og verða grunnbætur atvinnuleysistrygginga þá rúmar 307 þús.kr.

2.2 Sértek námsúrræði í framhalds- og háskólum sumar og haust 2020

Flæði milli vinnumarkaðar og námsúrræða er mikið hérlendis. Lagðir hafa verið fjármunir í sumarnám í bæði framhalds- og háskólum auk þess sem skólastigunum tveimur hefur verið bætt aukin eftirspurn nemenda á skólaárinu 2020-2021 en stjórnvöld hafa lagt ríka áherslu á að framhalds- og háskólar séu í stakk búnir að taka á móti fjölguðum nemendum í kjölfar aukins atvinnuleysis. Að

síðustu geta þeir sem hafa verið án atvinnu í a.m.k. sex mánuði fengið greiddar atvinnuleysisbætur þótt þeir sæki nám í tilgreindum greinum á vorönn 2021 vegna verkefnisins „Nám er tækifæri“.

Á haustönn líðandi árs reyndist töluverð nemendafjölgun bæði á framhalds- og háskólastigi. Reiknuðum framhaldsskólanemendum fjölgaði um 1.340 milli haustanna 2019 og 2020 eða um 7,7%. Háskólanemendur á haustönn 2020 reyndust vera 1.800 ársnemendum fleiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2020, sem er aukning um 10%. Í fimmta frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2020 er kostnaðinum mætt með alls 1.050 m.kr. framlagi, þ.e. 550 m.kr. til framhaldsskóla og 500 m.kr. til háskóla. Gert er ráð fyrir að þeim 550 m.kr. sem upp á vantar verði mætt með framlagi úr varasjóðum viðkomandi málaflokka. Ef fjölgun nemenda á þessum tveimur skólastigum hefði komið fram í atvinnuleysi hefði það hækkað um 1,5 prósentustig.

Þar sem fyrir séð var að hefðbundin sumarstörf yrðu af skornum skammti sumarið 2020 voru veittar 300 m.kr. til sumarnáms í framhaldsskólum og 500 m.kr. vegna sumarnáms í háskólum. Við fjárhagsuppgjör verkefnisins kom í ljós að færri nýttu sér úrræðið í framhaldsskólum en gert var ráð fyrir í fyrstu og voru 87,8 m.kr. greiddar til 18 framhaldsskóla þar sem boðið var upp á stað-, dreif- og fjarnám sem nýttist til áframhaldandi náms. Alls nýttu 658 einstaklingar sér sumarnám á framhaldsskólastigi og voru stúlkur þar 53% en stúlkur voru 47% nemenda í framhaldsskólum á árinu 2019.

Markhópur sérstakra námsúrræða á háskólastigi sumarið 2020 voru einstaklingar sem vildu sækja undirbúningsnám fyrir háskólanám sem og einstaklingar sem vildu styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, brúa færnibil eða skipta um starfsvettvang. Háskólarnir lögðu til ríflega 200 námsleiðir á öllum fagsviðum sem sértæk námsúrræði. Námsúrræðin voru flest einingabær eða nýttust til styttingar náms viðkomandi nemenda. Almennt var gert ráð fyrir að innheimt væru skráningargjöld af nemendum að hámarki kr. 3.000 fyrir hvert námskeið til að gera efnaminni nemendum kost á að sækja námskeiðin. Samhliða tilkynnti stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna um breytta námsframvinduskilmála fyrir sumarlánnum sem fólu í sér fækkun á lágmarkseiningafjölda úr 15 ECTS einingum í eina ECTS einingu. Alls nýttu 4.913 einstaklingar sér sumarnám á háskólastigi á síðastliðnum sumri og voru konur þar í meirihluta eða 67,5% en það er áþekk skipting og er almennt í háskólum.

2.3 Sumarstörf fyrir námsmenn hjá ríki og sveitarfélögum

Vinnuálastofnun og félagsmálaráðuneytið í samvinnu við stofnanir ríkis og sveitarfélaga efndu til sérstaks átaks til að fjölga sumarstörfum námsmanna sl. sumar en áhyggjur voru af því að fjöldi námsmanna yrði þá án framfærslu. Í kjölfarið samþykkti Alþingi að fjármagna allt að 3.400 störf í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð. Af hálfu sveitarfélaganna var áhugi fyrir verkefniun talsvert meiri en gert hafði verið ráð fyrir en alls bárust 3.081 umsóknir frá þeim.

Samþykktar voru 1.707 ráðningarheimildir fyrir sveitarfélögin, en nýting þeirra reyndist vera 1.520. Ekki liggur fyrir bakgrunnur umsækjenda hjá sveitarfélögum. Alls bárust umsóknir frá 1.759 einstaklingum um starf hjá opinberum stofnunum þar sem stærstur hluti umsækjenda var með annað nám á framhaldsskólastigi eða grunnnám á háskólastigi. Ráðningarheimildir til opinberra stofnana voru alls 1.492, en nýting starfanna reyndist vera 707.

Heildarútgjöld vegna úrræðisins voru um 1,4 ma.kr. en upphaflega var gert ráð fyrir því að útgjöld vegna úrræðisins næmu um 2,2 ma.kr. Alls fengu um 2.300 námsmenn starf á grundvelli átaksins. Átakið hafði einnig afleidd jákvæð áhrif en með því urðu verkefni tengd þjónustu við viðkvæma hópa að veruleika. Auk þessa átaksverkefnis voru veittir styrkir úr Nýsköpunarsjóði námsmanna sem fjallað er um seinna í skýrslunni.

2.4 Fjölgun listamannalauna

Heimsfaraldur kórónuveiru hefur komið illa við atvinnutækifæri sjálfstætt starfandi listamanna. Um 80% svarenda í könnun sem BHM gerði á haustmánuðum meðal 1700 listamanna innan aðildarfélaganna Bandalags íslenskra listamanna, Bandalags háskólamanna og fjölmargra hagsmunarsamtaka í tónlistargeiranum höfðu orðið fyrir tekjufalli vegna faraldursins. Tekjur helmingis svarenda höfðu minnkað um meira en 50% milli ára og hjá tæplega fimmtungi höfðu tekjur minnkað á bilinu 75–100%.² Til að koma til móts við listamenn var í öðrum fjárákálögum ársins veitt 250 m.kr. til Launasjóðs listamanna til að fjölga starfslaunum listamanna sem jafngildir 600 mánaðarlaunum miðað við listamannalaun árið 2020. Fjöldinn kemur til viðbótar 1.600 mánaðarlaunum á ári sem kveðið er á um í lögum um listamannalaun nr. 57/2009 og verða alls 2.200 á árinu 2020.

Kerfi tekjufallsstyrkja sem samþykkt var undir lok árs af Alþingi er einnig ætlað að koma til móts við listamenn og starfsfólk í tengdum greinum. Gerð verður grein fyrir nýtingu þess úrræðis þegar upplýsingar um það liggja fyrir. Þá má einnig nefna 1 ma.kr. framlag í sérstakt átaksverkefni í menningu og listum í gegnum fjárfestingaráttak stjórnvalda með styrkveitingum til menningar- og listverkefna fyrir almenning m.a. með þverfaglegu samstarfi listgreina og skráningu menningarminja.

2.5 Fjárfestingaráttak


Veittir voru um 18 ma.kr. í ár í sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak til að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu. Markmið átaksins var að ráðast í arðbærar fjárfestingar og um leið auka eftirspurn eftir vinnuafli og örva landsframleiðslu á tímum mikils efnahagsslaka. Við val á verkefnum var litið til þess hversu mannaflsrek þau gátu talist, hvort hægt væri að hefja þau og ljúka innan

² <https://www.bhm.is/frettir/mikid-tekjufall-hja-listamonnum-vegna-covid-kreppunnar>

tímarammans og þess hversu arðbær verkefnin gátu talist. Stærstur hluti fjármuna fór til framkvæmda í samgöngumannvirkjum. Opinber fjárfesting getur verið skilvirkt stjórnþæki ríkisfjármálanna í miklum efnahagsslaka. Hún bætir upp mikinn samdrátt í atvinnuvegafjárfestingu en Seðlabanki Íslands telur að almenn atvinnuvegafjárfesting dragist saman um liðlega 22% í ár og að fjórðungssamdráttur verði á fjárfestingum í orkufrekum iðnaði. Þannig er spáð tæplega fimmtungi minni atvinnuvegafjárfestingu í ár í samanburði við fyrra ár.

Framkvæmdir flestra verkefna eru þegar hafnar en verkefnum samkvæmt áttinu átti að ljúka eigi síðar en apríl 2021. Þegar hafa nær allir fjármunirnir verið bundnir í ákveðin verkefni. Gerð verður grein fyrir áttinu í sérstakri skýrslu sem kveðið var á um við samþykkt fjárukalaga. Í þeirri skýrslu munu koma fram ítarlegar upplýsingar m.a. um sköpun starfa, skiptingu á milli kynja og hagkvæmni verkefna.

Fjárfestingar A-hluta ríkissjóðs munu aukast mikið þjóðhagsgrunnur (ma.kr. hvers árs)



Í fjárlögum ársins 2021 og í fjármálaáætlun til næstu fimm ára er enn aukið í opinberar fjárfestingar eins og sést á myndinni. Skiptingu átaksins í verkefnaflokka má sjá í meðfylgjandi töflu.

Verkefnaflokkar

Framlög (m.kr)

Viðhald og endurbætur fasteigna	2.500
Nýbyggingar og meiri háttar endurbætur	1.200
Samgöngumannvirki	6.500
Orkuskipti, grænar lausnir og umhverfismál	1.500
Önnur innviðaverkefni	1.900
Rannsóknir, nýsköpun og skapandi greinar	3.000
Stafrænt Ísland og upplýsingatækniverkefni	1.400
Alls	18.000

2.6 Framlög til vísindarannsókna og nýsköpunar

Framlög til samkeppnisjóða rannsókna og nýsköpunar voru aukin um alls 2,5 ma.kr. á árinu 2020 umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum ársins. Þar af voru í fjárfestingaráttaki ríkisstjórnarinnar veittar 575 m.kr. til Rannsóknasjóðs sem er hækkun um 23% frá fjárlögum 2020, og 125 m.kr. til Innviðasjóðs, sem er hækkun um 45%, til að tryggja aukið vísindastarf, nýsköpun og hagvöxt til framtíðar. Við framhaldsúthlutun úr Rannsóknasjóði voru veittir 9 doktorsstyrkir, 2 nýdoktorsstyrkir og 12 verkefnisstyrkir. Meirihluti styrkjanna fór til karla eða verkefna sem leidd eru af körlum. Úr Innviðasjóði voru veittir styrkir

til 28 verkefna, en rétt rúmur helmingur þeirra var leiddur af konum.

Nýsköpunarsjóður námsmanna var einnig eflður um alls 400 m.kr. og nam því heildarfjárveiting til sjóðsins alls 455 m.kr. á árinu 2020. Með þeim hætti studdi sjóðurinn við sumarvinnu 552 námsmanna í 358 rannsóknarverkefnum og stuðlaði að bættum tengslum háskóla og atvinnulífs í rannsóknum og nýsköpun. Konur voru 55% styrkþega og karlar 45% og er hlutfall karla því nokkuð herra en meðal háskólanema almennt. Árangurshlutfall karla og kvenna var þó sambærilegt.

Rannsóknarsjóður fékk 200 m.kr. einkisframlag sem ætlað er að efla enn frekar fjármögnun til vísindafólks bæði í grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum. Að auki voru framlög í Tækniþróunarsjóð aukin um 700 m.kr. í gegnum fjárfestingaráttak stjórnvalda. Þá var fjárheimild hækkuð um 500 m.kr. til að efla nýsköpun og þróun í innlendra matvælaframleiðslu með stofnun Matvælasjóðs en við úthlutun styrkja úr sjóðnum verður sérstök áhersla lögð á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og aðgerðir til að bæta samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu. Þá mun sjóðurinn einnig styðja við markaðssetningu á alþjóðlegum mörkuðum.

Þá má einnig nefna að styrkir til fyrirtækja vegna endurgreiðslna rannsóknar- og þróunarkostnaðar verða auknir um tæpa 5 ma.kr. á árinu 2021 og nemur þá heildarframlag endurgreiðslna 10,2 ma.kr. Það hefur í för með sér að framlög vegna þessarar endurgreiðslna verða hátt í þrefalt meiri á árinu sé miðað við fjárlög ársins 2020.

2.7 Stuðningur vegna tekjufalls íþróttafélaga og æskulýðsfélaga

Á árinu 2020 hafa alls verið veittar 850 m.kr. til stuðnings við íþróttafélög og æskulýðsstarf. Framlaginu er ætlað að koma til móts við tekjufall íþróttafélaga og æskulýðsfélaga vegna fastra rekstrarútgjalda á því tímabili sem samkomutakmarkanir komu í veg fyrir eðlilega starfsemi félaganna. Markmið stuðnings er að tryggja áframhaldandi faglegt íþróttafélög og æskulýðsstarf og tryggja rekstrargrundvöll félaga.

Í fyrstu fjárukalögum ársins 2020 var veitt alls 500 m.kr. framlag til stuðnings við íþróttafélög og æskulýðsstarf. Upphæðin var hluti af 1 ma.kr. framlagi vegna fjárfestingaráttaks til stuðnings menningar- og listaverkefna og íþróttafélaga og æskulýðsstarfi. Veitt var 450 m.kr. framlag til að koma til móts við tekjutap íþróttahreyfingarinnar og 50 m.kr. til æskulýðsfélaga. Í fimmtu fjárukalögum ársins 2020 var veitt aukalega 350 m.kr. til að koma til móts við tekjufall, sem skiptist á þann hátt að 300 m.kr. runnu til íþróttafélaga og 50 m.kr. til æskulýðsstarfs.

2.8 Flýting framkvæmda opinberra fyrirtækja

Stjórnvöld hvöttu ríkisfyrirtæki til að flýta framkvæmdum sem höfðu verið áætlaðar á síðari árum til að vega gegn væntum samdrætti fjárfestingum einkaaðila. Lagt var til að hrinda í framkvæmd viðbótarfjárfestingum hjá ríkisfyrirtækjum til skamms tíma sem og á gildistíma fjármálaáætlunar, þ.m.t. flýting framkvæmda í aðgerðaráætlun átakshópsins um úrbætur á innviðum í kjölfar óveðursins í desember s.l. Flýtiframkvæmdir á þeim innviðum verða að mestu fjármagnaðar af fyrirtækjunum sjálfum t.a.m. RARIK og Landsnet. Fjárfestingaáætlun stærstu ríkisfyrirtækjanna hefur nú verið endurskoðuð með tilliti til flýtingu framkvæmda nokkurra verkefna og er áætlað að flýta framkvæmdum á árunum 2020-2024 fyrir um 58 ma.kr., þ.a. 4,6 ma.kr. á árinu 2020.

Ríkissjóður hefur aukið hlutfé á árinu 2020 í tveimur félögum til að fjármagna fjárfestingarátakið og flýtiframkvæmdir félagana. Í júní 2020 var greidd hlutafjárúkning í Isavia upp á 4 ma.kr. og í september 2020 var greidd hlutafjárúkning í Hörpu upp á 195 m.kr. Bæði félögin skiluðu fjármála- og efnahagsráðuneytinu ítarlegri framkvæmdaáætlun og eru verkefnin í megin þáttum hafin eða í undirbúningi.

3. Aðgerðir vegna einstaklinga í viðkvæmri stöðu

Við upphaf heimsfaraldurs COVID-19 í vor og eftir því sem faraldurinn hefur dregist á langinn hefur verið gripið til ýmissa sértækra aðgerða til að tryggja afkomu fólks og veita stuðning og þjónustu til viðkvæmustu hópa samfélagsins. Hugað hefur verið sérstaklega að því að auka aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu, ráðist hefur verið í aðgerðir sem vinna gegn félagslegri einangrun og sérstök áhersla hefur verið lögð á að tryggja tækifæri barna úr tekjulágum fjölskyldum til þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi. Félagasamtökum sem gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki á erfiðum tímum hefur verið tryggt aukið fjármagn og kapp hefur verið lagt á aðgerðir og vitundarvakningu vegna aukinnar hættu á heimilisofbeldi. Ýmsar aðgerðir hafa beinst að innflytjendum og flóttafólki og aðgengi að upplýsingum og fræðsluefni vegna COVID-19 verið tryggt á ýmsum tungumálum.

Þær aðgerðir sem hér er fjallað um vegna einstaklinga í viðkvæmri stöðu má í megindráttum skipta í tvennt:

- i) Fjárframlög til að styðja við afkomu fólks eins og eingreiðslur til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.
- ii) Beinar fjárveitingar til félagslegra verkefna og málaflokka til þess að geta tekist á við afleiðingar faraldursins og tryggt þjónustu og stuðning til viðkvæmra hópa.

Þá er ótalinn sá kostnaður sem fallið hefur til vegna faraldursins eins og t.d. vegna styrkingar heilbrigðisþjónustunnar og annarra ráðstafana sem nauðsynlegar hafa verið til að bregðast við áhrifum hans. Í heild eru útgjöld til heilbrigðis- og félagsmála 55% af útgjöldum ríkissjóðs árið 2020.

Aðgerðir vegna hópa í viðkvæmri stöðu	Framlög 2020 (m.kr.)
Stuðningur við börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu	675
Geðrækt og andlegt heilbrigði	580
Örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar – eingreiðsla	480
Aðgerðir gegn ofbeldi	215
Fatlað fólk/börn og fjölskyldur þeirra	210
Fjárstyrkir til félagasamtaka	135
Heimilislausir - neyðarhúsnæði og stuðningur	100
Innflytjendur og flóttafólk	88
Málefni aldraðra	80
Alls	2.563

3.1 Stuðningur við börn og ungmenni

Veittir hafa verið fjárfstyrkir til tekjulágra heimila til að styðja við íþrótt- og frístundastarf barna svo koma megi í veg fyrir að börn yrðu tekin úr slíku starfi vegna efnahagslegra áhrifa faraldursins. Styrkirnir standa börnum fæddum á árunum 2005 til 2014 til boða sem búa á heimilum þar sem heildartekjur heimilisins voru að meðaltali lægri en 740 þús.kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020. Styrkurinn er 45 þúsund krónur á hvert barn. Áætlaður kostnaður er 600 m.kr.

Til stóð að styrkirnir yrðu veittir til iðkunar íþrótt- og tómsundastarfs sl. sumar en í samráði við sveitarfélögin var niðurstaðan að fresta framkvæmdinni fram á haustið þar sem aðgerðin krafðist umfangsmikils undirbúnings og samvinnu margra aðila. Þann 4. desember sl. höfðu 588 m.kr. verið greiddar út til sveitarfélaganna vegna rúmlega 13 þúsund barna líkt og áætlanir gerðu ráð fyrir. Þá var í fjárlagafrumvarpi ársins 2021 ákveðið að framlengja úrræðið með 300 m.kr. viðbótarfjárveitingu. Í upphafi nýs árs verður farið í auglýsingaherferð til að vekja athygli foreldra enn frekar á styrkjunum en styrkina verður hægt að nýta út skólaárið. Samhliða var boðið upp á sérstakan stuðning og fræðslu til þeirra aðila sem bjóða upp á skipulagt íþrótt- og tómsundastarf fyrir börn og ungmenni og farið var af stað með vitundarvakningu í samvinnu hagaðila til þess að auka þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu íþrótt- og tómsundastarfi. Styrkirnir hafa einnig verið auglýstir á samfélagsmiðlum, á níu tungumálum.

Samhliða því að styðja við íþrótt- og tómsundastarf barna af tekjulágum heimilum gafst sveitarfélögum kostur á að sækja um styrk vegna viðbótarverkefna sem tengdust frístundastarfi barna í viðkvæmri stöðu. Sérstaklega var horft til aldurshópsins 12 til 16 ára, og áhersla lögð á að ná til þess hóps barna sem hvað síst sækja hefðbundið frístundastarf. Alls fengu 30 sveitarfélög samtals 75 m.kr. styrk og reyndist mikil fjölbreytni í verkefnum þeirra. Sem dæmi um verkefni má nefna stofnun rafríþróttaklúbba, fjárfesting í spilum og tölvubúnaði, upplifunartengd verkefni í nærsamfélaginu, útsýnisflug, hellaferðir, lengri opnun félagsmiðstöðva, kvíða- og sjálfsstyrkingarnámsleiðir og ýmislegt annað.

3.2 Geðrækt og andlegt heilbrigði

Heilsugæslan um land allt var eflað með 540 m.kr. framlagi til verkefnisins Heilsuefling í heimabyggð með sérstakri áherslu á geðrækt og andlegt heilbrigði en auk þess var veitt 40 m.kr framlag til verkefna til að vinna gegn kvíða og einmanaleika. Gert er ráð fyrir verkefnið standi yfir í tólf mánuði og taki til fjölda undirverkefna sem ætlað er að stuðla að betri geðrækt og andlegu heilbrigði íbúa landsins. Ætlunin er að vakta markvisst heilbrigðisástandið í þjóðfélaginu á meðan á faraldrinum stendur og efnahags- og félagsleg eftirköst hans vara. Með eflingu heilsugæslunnar verður fagmenntuðu starfsfólki hennar fjölgað, svo sem geðlæknum, sálfræðingum og félagsráðgjöfum og er gert ráð fyrir rúmlega 20

nýjum stöðugildum í tengslum við átakið. Fjarheilbrigðisþjónusta verður aukin enn frekar en það er hluti af byggðaáætlun.

Gert er ráð fyrir að stórum hluta aðgerðanna verði stýrt af Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu en henni er ætlað að leiða faglega þróun og stýra samhæfingu heilsugæslunnar, tryggja samræmd vinnubrögð um land allt og að aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu sé eins jafnt og stöðugt eins og hægt er. Meðal þess sem þróunarmiðstöðinni verður falið er að hafa umsjón með eflingu geðræktar, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í skólum. Einnig verður henni ætlað að innleiða skimun og samhæfða meðferðarnálgun vegna neyslu- og fíknivanda og þá mun hún hafa umsjón með gerð fræðsluefnis miðla því rafrænt til viðeigandi heilbrigðisstarfsfólks.

3.3 Eingreiðsla til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega

Örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar sem áttu rétt á orlofsuppbót á árinu 2020 fengu til viðbótar 20 þúsund króna eingreiðslu þann 1. júní sl. en eingreiðslan telst ekki til tekna þeirra. Áætlaður kostnaður ríkissjóðs vegna aðgerðarinnar var 400 m.kr. þar sem gert var ráð fyrir að örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar væru um 20.000 talsins. Kostnaður við eingreiðsluna reyndist hins vegar vera rúmum 80 m.kr. meiri en upphaflega var gert ráð fyrir þar sem hópurinn taldi 24.050 manns. Þar af eru konur rúmlega 60%. Þá var jafnframt ákveðið í síðustu fjárukalögum ársins að þeir örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar sem áttu rétt á lífeyri á árinu 2020 fengju 50 þúsund króna eingreiðslu til viðbótar við desemberuppbót sem kom til greiðslu þann 1. desember sl.

3.4 Aðgerðarteymi um samræmingu aðgerða gegn ofbeldi

Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 12% fleiri tilkynningar um heimilisofbeldi fyrstu 11 mánuði ársins 2020 en að meðaltal þrjú árin þar á undan. Því hefur verið skipað aðgerðarteymi um stýringu og samræmingu aðgerða gegn ofbeldi á tímum COVID-19 í samstarfi við dómsmálaráðuneytið. Starfstími aðgerðarteymisins hefur verið framlengdur til 31. janúar 2021 en þar hafa verið útfærðar fjölmargar tillögur og aðgerðir í samvinnu við grasrót. Má þar t.d. nefna tilkomu nýrrar rafrænnar gáttar 112 „Segðu frá“, upplýsingatorg um ofbeldi þar sem opnað verður á beint samtal við neyðarverði í netspjalli 112, beinan stuðning við starfsemi Barnahúss og tilraunaverkefni um kvennaathvarf á Akureyri. Þá var einnig farið í sérstaka vitundarvakningu vegna aukinnar hættu á heimilisofbeldi og athygli vakin á ábyrgð samfélagsins við barnavernd undir yfirskriftinni „Við erum öll barnavernd“. Vitundarvakningarnar skiluðu aukinni meðvitund, tilkynningum og umræðu í samfélaginu. Veittar voru 215 m.kr. til verkefna aðgerðarteymisins sem gera má ráð fyrir að nýtist að fullu. Í gegnum fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar var einnig ákveðið að styrkja starfsemi

Kvennaathvarfsins um 100 m.kr. til að flýta fyrir framkvæmdum við áfangaheimili Samtaka um kvennaathvarf.

3.5 Fatlað fólk/börn og fjölskyldur þeirra

Í sumar var ákveðið að styrkja fjögur verkefni um alls 105 m.kr. til að bjóða börnum og ungmennum með fötlun og/eða sérþarfir upp á afþreyingu og rjúfa félagslega einangrun þeirra. Verkefnin sem urðu að veruleika voru Ævintýrabúðir Reykjadal í Háholti í Skagafirði, Ævintýranámskeið Reykjadal á Víðistaðatúni í Hafnarfirði, Sumarfrí Reykjadal í Grindavík og Sumardvöl fjölskyldunnar í Vík. Þá var úthlutað alls 50 m.kr. til 13 sveitarfélaga sem sótt höfðu um styrk til þess að geta boðið upp á félagsstarf fyrir fullorðið fatlað fólk. Sveitarfélögin skipulögðu fjölbreytt félagsstarf s.s. dagsferðir, ferðir með gistingu, námskeið, hreyfingu og annarskonar samveru sem ætlað var að draga úr félagslegri einangrun í sumar og með haustinu.

Alls tóku 65 einstaklingar þátt í fjölskyldufrí Reykjadal í Vík í Mýrdal eða 32 foreldrar, 29 börn á aldrinum 6-16 ára og fjögur börn á aldrinum 0-5 ára. Í heildina nýttu 45 einstaklingar á aldrinum 7 til 16 ára sumardvöl í Ævintýrasumarbúðum Reykjadal í Háholti í Skagafirði. Flestir voru í eina viku en sjö gestir dvöldu í tvær vikur. Þátttakendur á Ævintýranámskeiðum Reykjadal á Víðistaðatúni í Hafnarfirði voru alls 43 í samtals 45 vikur. Loks nýttu 60 einstaklingar sumardvöl í Sumarfrí Reykjadal í Grindavík í alls 61 dvalarvikur. Þess ber að geta að fjölmargir starfsmenn voru ráðnir til að sinna þessum verkefnum.

Tilraunaverkefni um landshlutateymi í þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra á Suðurnesjum fékk 25 m.kr. framlag en markmið verkefnisins var að auka þekkingu og færni í þjónustu í heimabyggð, bæta grunnþjónustu og auka miðlægan stuðning og eftirfylgd. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur yfirumsjón með verkefninu og hafa tveir starfsmenn verið ráðnir til verksins. Þá var jafnframt ráðinn verkefnisstjóri til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins (GRR) þann 1. nóvember sl. til að annast sérstakan stuðning við fötluð börn og foreldra innflytjenda þar sem fötluð börn innflytjenda eru nú um 30% tilvísaðra í þjónustu GRR. Unnið er að gerð fræðslu og þjálfunarefnis m.a. til þess að auka samfélagsfærni á erlendum tungumálum til þjálfunar fyrir fötluð börn innflytjenda. Verkefnið verður unnið í samstarfi við hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Áætlaður kostnaður er 10 m.kr.

Þá gátu framfærendur fatlaðra og langveikra barna, með gilt umönnunarmat 2020 sótt um eingreiðslu sem nam 25% af fullum umönnunargreiðslum fyrir einn mánuð sökum aukinnar umönnunar vegna COVID-19 á tímabilinu 16. mars til 4. maí 2020. Gert var ráð fyrir að kostnaður við þetta úrræði gæti numið um 200 m.kr. en eingöngu voru greiddar út 16,5 m.kr. vegna 344 umsókna eða innan við 10% af áætluðum kostnaði. Tryggingastofnun ríkisins hyggst beina upplýsingum um styrkinn til foreldra barna með umönnunarmat þar sem enn er unnt að sækja um styrkinn. Þá verður einnig greidd desemberuppbót allt að

61.840 kr. til framfæranda fatlaðra og langveikra barna. Kostnaður vegna þessa nemur um 3 m.kr.

3.6 Fjárstyrkir til félagasamtaka

Í fyrsta aðgerðapakka stjórnvalda voru veittir fjárstyrkir vegna COVID-19 til 28 félagasamtaka sem veita samfélagslega þjónustu og gegna mikilvægu hlutverki í þjónustu við viðkvæma hópa. Voru styrkirnir ætlaðir til að aðstoða samtök í að bregðast við auknu álagi vegna faraldursins og gera þeim kleift að styðja betur við skjólstæðinga sína. Þá var hjálparsími Rauða krossins eflður vegna mikillar eftirspurnar og hann tengdur við fagaðila og félagasamtök um land allt. Fjárstyrkirnir skiluðu sér beint inn í starf samtakanna á mikilvægum tímum og námu þeir alls um 60 m.kr. Í síðustu fjárukalögum ársins fengu hjálparsamtök sem sinna matarúthlutunum til einstaklinga jafnframt 20 m.kr. fjárframlag en mikil aukning hefur verið á beiðnum til hjálparsamtaka í kjölfar COVID-19. Hjá Hjálparstarfi kirkjunnar hefur beiðnum um efnislega aðstoð fjölgað um 58% frá ágúst 2019 og hjá Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur er aukningin 13% á sama tíma.

Þá verður starfsemi SÁA efld með 30 m.kr. einkisframlagi en sjálfsaflafé samtakanna hefur nær alveg fallið niður sökum faraldursins. Sjúkratryggingum Íslands verður gert að semja um styrkingu göngudeildarþjónustu og vinna á biðlistum eftir áfengismeðferð sem hafa myndast vegna faraldursins. Þá fá félagasamtökin Bati 25 m.kr. framlag en samtökin munu reka áfangaheimili og stuðningsúrræði fyrir einstaklinga sem hafa verið í réttarvörslu og þarfnast stuðnings við að verða virkir þátttakendur í samfélaginu á ný. Um er að ræða pláss fyrir 8 karla og hefur áfangaheimilið starfsemi sína 1. janúar 2021.

3.7 Þjónusta og stuðningur við heimilislausa

Til að bregðast við aðstæðum þeirra sem eru heimilislausir með fjölþættan vanda eða hafa ekki í nein hús að vanda af öðrum ástæðum vegna COVID-19 var í apríl sl. gerður samningur milli félagsmálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar. Gert var ráð fyrir að sambærileg þjónusta gæti farið af stað í samvinnu við Akureyrarbæ en ekki reyndist þörf á því. Tímabundnu húsnæðisúrræði var komið upp fyrir einstaklinga sem hafa lent í fjárhagserfiðleikum og húsnæðisvanda vegna faraldursins, hafa misst samastað eða eiga í hættu á að smitast af COVID-19 veirunni í núverandi húsnæði. Alls nýttu 14 einstaklingar og ein fjölskylda húsnæðið til skamms tíma. Stuðningur, ráðgjöf og þjónusta við heimilislausa einstaklinga með fjölþættan vanda var jafnframt aukinn og sérstöku neyðarhúsnæði fyrir heimilislausar konur með fjölþættan vanda komið upp.

Í ágústmánuði var ekki lengur talin þörf á húsnæðisúrræði fyrir þá sem áttu ekki í nein hús að vanda vegna faraldursins og var því úrræði lokað. Á haustmánuðum var hins vegar talin þörf á að tryggja áframhaldandi tímabundinn stuðning vegna þjónustu fyrir heimilislausa með fjölþættan vanda á meðan faraldurinn stendur yfir og var því gerður nýr samningur við Reykjavíkurborg í nóvember sem gildir út árið 2021. Ekki liggja fyrir tölur um hve

marginir hafa nýtt neyðarhúsnæði fyrir einstaklinga með fjölbættan vanda, fengið félagslega ráðgjöf og stuðning en alls hefur verkefnunum verið úthlutað 100 m.kr.

3.8 Aldraðir – félagsstarf fullorðinna

Sveitarfélögum gafst í sumar kostur á að sækja um fjárframlag vegna sérstakra viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna en það var liður í því að bregðast við einmanaleika og félagslegri einangrun aldraðra og þeim áhrifum sem COVID-19 hefur haft á hópinn. Alls fengu 39 sveitarfélög, sem í búa 93% allra 67 ára og eldri á landinu samtals 75 m.kr. til ýmissa verkefna, þ.m.t. kaffisamsæti, uppákomur, gönguferðir, harmonikkuball, golfmót, menningarviðburði, jóga, dans, tæknilæsi og ýmislegt annað sem braut upp langt tímabil einangrunar í COVID-19. Að auki fengu félagasamtök sem sinna þjónustu við þennan hóp, á borð við Alzheimersamtökin og Landssamband eldri borgara, styrk auk þess sem fjárframlag var veitt rannsóknar á líðan og högum aldraðra.

3.9 Innflytjendur og flóttafólk

Innflytjendur telja 15% af íbúum landsins og eru 41% atvinnulausra. Á síðustu mánuðum hefur hlutfall innflytjenda sem fær fjárhagsaðstoð aukist. Til að tryggja heildstæða ráðgjöf, leiðbeiningar og upplýsingar um þjónustu, réttindi og skyldur fólks er í undirbúningi stofnun tímabundinnar ráðgjafarstofu. Aukið fjármagn hefur einnig verið sett í að tryggja aðgengi að upplýsingum og fræðsluefni vegna COVID-19 til fólks af erlendum uppruna en mikilvægar upplýsingar á covid.is voru þýddar á fjölmörg tungumál, smitakningarforritið var þýtt á pólsku og ensku, fræðslumyndbönd og upplýsingagjöf um hjálparsímann 1717 og barnavernd voru þýdd á fjölda tungumála auk þess sem nauðsynlegar upplýsingar um COVID-19 frá ráðuneyti og undirstofnunum voru gerðar aðgengilegar á fleiri tungumálum. Áætlaður kostnaður við ráðgjafarstofu er metinn á 50 m.kr. og gera má ráð fyrir að kostnaður vegna aukins aðgengis að upplýsingum nemi 10 m.kr.

Þá var farið í ýmsar aðgerðir sem nýtast innflytjendum eins og bætt aðgengi að upplýsingum og þjónustu Umboðsmanns skuldara, samningur var gerður við UMFÍ/ÍSÍ vegna íþrótt- og tólmundastyrkja og Hjálparstarf kirkjunnar fékk fjárframlag vegna þjónustu við fólk af erlendum uppruna, alls námu þessi framlög 25 m.kr. Þá gerði félagsmálaráðuneytið í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið samkomulag við Móðurmál, samtök um tvítýngi um fjarkennslu í móðurmáli og einstaklingsbundna aðstoð við heimanám fyrir nemendur af erlendum uppruna á meðan takmörkun á skólastarfi stóð. Samkvæmt lokaskýrslu verkefnisins nutu bæði börn og foreldrar þeirra góðs af þeim samskiptum sem urðu í sambandi við móðurmálskennslu og heimanámsaðstoð. Bæði var boðið upp á einstaklingstíma og hópatíma og tóku 34 móðurmálskennarar þátt í verkefninu. Með verkefninu opnuðust nýjar leiðir til kennslu á móðurmáli og sýnt var fram á að hægt er að bjóða upp á kennslu

Óháð staðsetningu. Styrkurinn til verkefnisins nam 3 m.kr. Alls nýttu 220 börn úrræðið. Um var að ræða 89,5 einstaklingstíma og 274 hópatíma.

4. Stuðningur við sveitarfélög og byggðalög

Staða sveitarfélaganna er mjög misjöfn. Mörg hafa haft svigrúm til þess að bregðast við áhrifum faraldursins og tímabundnum þrengingum á meðan önnur hafa átt erfiðara um vik. Starfshópur um fjárhagsstöðu sveitarfélaganna skilaði skýrslu í ágúst sl. og voru í kjölfarið gerðar tillögur um aukin stuðning við sveitarfélögin. Markmið þessara aðgerða var fyrst og fremst að veita sveitarfélögunum fjárhagslega viðspyrnu og verja lögbundna grunnþjónustu. Koma þessar aðgerðir til viðbótar við þær aðgerðir vegna COVID-19 sem þegar hefur verið ráðist í og hafa bein eða óbein áhrif á sveitarfélögin. Í því tilliti má t.d. nefna að hlutabótaleiðin og atvinnuleysistryggingakerfið dró úr falli í útsvarstekjum. Endurgreiðslur á virðisaukaskatti til annars húsnæðis sveitarfélaga en íbúðarhúsnæðis hafa numið 155 m.kr. á árinu 2020, ákveðið hefur verið að framlengja úrræðið um eitt ár. Sveitarfélög njóta úrræðisins einnig vegna íbúðarhúsnæðis í þeirra eigu þar sem endurgreiðsluhlutfall VSK af vinnu við slíkt húsnæði er hækkað úr 60% í 100% tímabundið 2020-2021. Heildarfjárhæð þeirrar endurgreiðslu liggur ekki fyrir. Heildarstuðningur ríkisins við viðspyrnu sveitarfélaga er samtals að fjárhæð 5.155 m.kr. þ.a. eru 2.970 m.kr. í beinum framlögum á árinu 2020 m.a. í gegnum fjárfestingarátakið auk þeirra aðgerða sem eru tilteknar í töflunni að neðan. Auk þess hækka framlög til stefnumörkunar sveitarfélaga um 685 m.kr. á næstu tveimur árum.

Beinn fjárstuðningur ríkissjóðs við sveitarfélögin	Framlög 2020 (m.kr.)
Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga	720
Málefni fatlaðs fólks – jöfnunarsjóðurinn	670
Sveitarfélög sem standa höllum fæti	500
Suðurnes. Efling þjónustu ríkisins	250
Stefnumörkun um sjálfbærni sveitarfélaga	250
Styrkur til sveitarf. sem hafa komið illa út úr COVID kreppunni	150
Efling starfrænnar tækni og þjónustu sveitarfélaga	100
Byggðaáætlun - stuðningur við félagsleg úrræði	30
Alls	2.670

4.1 Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga

Viðbótarframlag að fjárhæð 720 m.kr. rennur til sveitarfélaga þar sem kostnaður við fjárhagsaðstoð er yfir nánar tilgreindum mörkum. Samkvæmt ársreikningum sveitarfélaga 2019 námu útgjöld sveitarfélaga vegna fjárhagsaðstoðar 3,7 ma.kr.

en þar af nam fjárhæðin 2,4 ma.kr. hjá Reykjavíkurborg. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur áætlað að útgjöldin gætu aukist um allt að 30% á landsvísu á milli ára og er framlaginu ætlað að koma til móts þá þróun.

4.2 Málefni fatlaðs fólks

Stutt er við málefni fatlaðs fólks með 670 m.kr. viðbótarframlagi ríkisins. Áætlað er að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks verði um 670 m.kr. lægri en ráð var fyrir gert í upphafi árs. Ástæðan eru meðal annars lækkun útsvars ársins. Með viðbótarframlagi er tryggt að þjónustan skerðist ekki. Þá var einnig hlutdeild ríkissjóðs vegna fyrirliggjandi samninga sveitarfélaganna um notendastýrða persónulega aðstoð við fatlaða einstaklinga (NPA) fullfjármögnuð með 157 m.kr. einskiptisframlagi í öðrum fjárukalögum ársins 2020.

4.3 Sveitarfélög sem standa höllum fæti

Sveitarfélög þar sem ferðaþjónusta leikur stórt hlutverk í atvinnusköpun hafa mörg orðið fyrir verulegu tekjufalli. Mörg þeirra eru í stakk búin til að takast á við áskoranirnar meðan önnur standa verr að vígi m.a. vegna neikvæðrar íbúapróunar, lágra skatttekna og skuldastöðu. Af þeim sökum var í fimmtu fjárukalögum ársins ákveðið að veita 500 m.kr. framlag til stuðnings sveitarfélaga sem glíma við hvað mesta fjárhagserfiðleika vegna Covid-19 faraldursins en áður hafði sérstöku 150 m.kr. framlagi verið veitt til sex sveitarfélaga eins og fram kemur neðar. Framlögin verða veitt í samstarfi við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.

4.4 Stefnumörkun um sjálfbærni sveitarfélaga

Stutt verður við stefnumarkandi áætlun stjórnvalda um eflingu sveitarstjórnarstígsins og aukna sjálfbærni þess með sameiningum sveitarfélaga með samtals 935 m.kr. framlagi. Hluti framlagsins verði nýttur til umbóta á sviði stafrænna lausna hjá þeim sveitarfélögum sem fara í sameiningarferli á næstu tveimur árum. Framlagið dreifst á 3 ár. Árið 2020 nemur framlagið 250 m.kr. en í ár nemur verður það 400 m.kr. og árið 2022 er framlagið áætlað 285 m.kr.

4.5 Styrkur til sveitarfélaga sem hafa komið illa út úr COVID kreppunni

Undirritaðir hafa verið samningar um 150 milljón króna framlag til sex sveitarfélaga vegna hruns í ferðaþjónustu í kjölfar Covid-19 heimsfaraldursins. Með framlaginu er stutt við atvinnulíf og samfélag Mýrdalshrepps, Skaftárhrepps, Skútustaðahrepps, Bláskógabyggðar, sveitarfélags Hornafjarðar og Rangárþing eystra. Verkefni sem ráðist verður í eru af ýmsum toga en þar má nefna uppsetningu sögustígs í Vík, átak í atvinnu- og kynningarmálum í Skaftárhreppi, greining orkukosta í Skútustaðahreppi og atvinnuskapandi átaksverkefni í Hornafirði.

4.6 Suðurnes. Efling þjónustu ríkisins

Þá var ákveðið að veita 250 m.kr. í sértækan stuðning við Suðurnes til að fylgja eftir aðgerðaáætlun ráðherraskipaðrar nefndar um málefni svæðisins. Efnahagsástand á Suðurnesjum krefst sérstakra úrræða, en atvinnuleysi þar er mikið en það var tæp 23% í nóvember. Fyrirhuguð úrræði eru m.a. aukin þjónusta við erlenda íbúa, efling Reykjanes Geopark og stofnun þverfaglegs teymis á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála.

4.7 Efling starfrænnar tækni og þjónustu

100 m.kr. verður varið til stafrænnar þróunar á vegum sveitarfélaga til að bæta þjónustu og auka samskipti. Í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og Stafrænt Ísland eru farin af stað verkefni við frekari stafvæðingu sveitarfélaga. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur komið á fót stafrænu ráði sveitarfélaga sem aðstoða mun við innleiðingu og val verkefna. Þá hafa breytingar verið gerðar á sveitarstjórnarlögum sem heimila að sveitarstjórnarfundir séu alfarið haldnir í gegnum fjarfundabúnað.

4.8 Stuðningur við félagsleg úrræði

30 m.kr. er varið til að takast á við áskoranir sem fylgja COVID-19 faraldrinum í félagslega þjónustu og í barnavernd í dreifðum byggðum.

4.9 Sóknaráætlanir landshluta

Í gegnum fjárfestingarátak stjórnvalda sem fjallað er um að framan var ákveðið að veita 200 m.kr. viðbótarframlag til sóknaráætlana landshluta til að sporna við samdrætti í hagkerfinu og styðja við verkefni á landsbyggðinni.

Landshlutasamtök sveitarfélaga ráðstafa fjármagninu, hvert á sínu svæði. Skilyrði er að fjármunum skuli varið til verkefna sem eru atvinnuskapandi og/eða stuðli að nýsköpun og að leggja skuli áherslu á þær atvinnugreinar sem orðið hafa hvað verst úti vegna Covid-19 faraldursins.

4.10 Stuðningur við frumkvæðisverkefni íbúa

Stutt er aukalega við verkefnið Brothættar byggðir, sem er hluti byggðaáætlunar, með 100 m.kr. viðbótarframlagi sem er hluti fjárfestingarátaks sem fjallað er um að framan. Verkefninu er ætlað að styðja viðkomandi byggðarlög til að nýta sóknarfæri, einkum þau sem byggjast á sérstöðu þeirra. Hvert þátttökubýggðarlag fær tiltekna upphæð til að styðja frumkvæðisverkefni íbúa. Frumkvæðisverkefnin eru yfirleitt atvinnuskapandi fyrir byggðarlögin og hafa mörg slík verkefni skilað atvinnu og tekjum til viðkomandi byggðarlags.

4.11 Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs

Heimilt er að veita styrki til sveitarfélaga fyrir 1.500 m.kr. úr fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Styrkjunum er ætlað að fjármagna framkvæmdir til að bæta aðgengi fatlaðs fólks í fasteignum og mannvirkjum. Einnig verður heimilt að nýta fjármagn fasteignasjóðsins til að milda tekjufall Jöfnunarsjóðsins.

